

TIL: Skipulagsfulltrúi Akureyrabæjar
Pétur Ingi Haraldsson

ÚTI

INNI

A R K I T E K T A R

DAGS: 10.05.2022

f y r i r s p u r n

BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKT FAÍ
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKT FAÍ
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 7660 & 562 7660 FAX 552 7661
E-mail ui@ui.is WWW.ui.is

VARÐAR: Austursíða 2 & Sjafnargötu 1, Akureyri - Deiliskipulagsbreyting

Austursíða 2 og Sjafnaragata 1 eru á reit merktur AT-8 skv. aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Á Austursíðu 2 gildir deiliskipulag sem nefnist AUSTURSÍÐA ATHAFNASVÆÐI. Skipulagið afmarkast af Austursíðu, Síðubraut, Hörgárbraut, og Hlíðarbraut og var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 22. ágúst 2013.

Á Sjafnargötu 1 gildir deiliskipulag sem nefnist Deiliskipulag athafnasvæðis við Grænahól, Akureyri. Skipulagið afmarkast af Sjafnargötu, Síðubraut og Hörgarbraut og var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 9. apríl 2006.

Nú er óskað eftir breytingum á hvoru deiliskipulagi fyrir sig sem eru í takt við hugmyndir og möguleika sem skapast hafa við þróun og uppbyggingu á nærliggjandi lóðum. Breytingarnar taka því til Austursíðu 2 og Sjafnargötu 1 og afmarkast því af lóðamörkum þeirra lóða.

Frekari skýringar:

Fyrirhugað er að reisa tvö þjónustuhús við norð-vesturhluta lóðar á Austursíðu 2. Þjónustuhúsin verða lágreistar byggingar sem gæti hýst þjónustu svo sem mögulega bílaþvottastöð, skyndibitastað, aptótek eða annað. Húsin verða að hámarki 5 metra há með litlum eða engum þakhalla og mun taka mið af hinu nýuppgerða verslunarhúsi, Norðurtorgi, varðandi útlit og yfirbragð.

Á Sjafnargötu 1 er sótt eftir því að reisa sambærilegt þjónustuhús og á Austursíðu en það hús er nær Síðubraut og verður á 1.hæð með risi. Hámarkshæð hússins verður 6 metrar. Þá er sótt um að reisa verslun á vesturhluta lóðarinnar sem yrði á 1.hæð með hámarkshæð sem nemur 5 metrum

Í von um jákvæð viðbrögð

Fh. Úti og inni sf. og Norðurtorg ehf.
Baldur Ólafur Svavarsson faí, samark

